ORKUSTOFNUN

# Staða loftbóluopa við Óseyri

Sigurjón Rist

Greinargerð SR-82/03

# STAÐA LOFTBÓLUOPA VIÐ ÓSEYRI

Hér verður gerð grein fyrir stöðu loftbólurörenda vhm 114 Ölfusá Óseyri og vhm 222 Veraldarsærinn við Óseyri.

vhm 114 Ölfusá. Rörendinn er 24,7m frá viðmiðunarmerki Baldurs. Viðmiðunarmerki Baldurs NA mælabúrs er kampstálsteinn, sem rekinn hefur verið niður í sandinn.

| Fallmæling | Bak | | Fram | |
|---|---|---|---|---|
| Stöð 1 | 0118 | Merki Baldurs | 1998 | |
| Stöð 2 | 0186 | | 2380 | rörendi |
| | 304 | | 4378 | |

Mismunur 4.074 þ.e.a.s. loftbóluútstreymisop er 4.07m undir viðmiðunarmerki Baldurs.
20.ág. kl.12⁵⁰-13¹⁰ fjara. Áin fellur framaf brotinu hjá Kötlusteini, álestur 33 (31,5-34).

vhm 222 Veraldarsærinn við Óseyri. Rörendinn mældur inn við viðmiðunarmerki Baldurs.

| Fallmæling | Bak | | Fram | |
|---|---|---|---|---|
| Stöð 1 | 2663 | rörendi | 0000 | |
| Stöð 2 | 2625 | | 0623 | |
| Stöð 3 | 2316 | | 0675 | |
| Stöð 4 | 0508 | | 0757 | (flaska) |
| | 8112 | | 2055 | |
| Mismunur 6.057 | | | | |
| Stöð 5 | 1750 | | 2613 | Merki Baldurs |
| | 9862 | | 4668 | |

Mismunur 5.194

ORKUSTOFNUN
Vatnamælingar

| Fallmæling nr.2 | Bak | Fram |
|---|---|---|
| Stöð 1 | 2663 | 0000 |
| Stöð 2 | 2625 | 0623 |
| Stöð 3 | 2901 | 1618 |
| Stöð 4 | 1936 | 2690 Merki Baldurs |
| | 10125 | 4931 |

Mismunur 5.194 þ.e.a.s. loftbóluútsteymisop vhm222 er 5,19 m undir viðmiðunarmerki Baldurs.

Eins og áður segir er viðmiðunarmerki Baldurs járnteinn rekinn niður í sandinn, ekki er líklegt að hann hafi raskast eða muni gera það næstu daga. Engu að síður er áríðandi að mæla rörendana inn við fastmerki, þess vegna voru frekari fallmælingar gerðar:

Staur undir SA-horni húss (blá málning) er:

6.606 m yfir bóluopi vhm222
5.486 m " " " 114
1.412 m " viðmiðunarmerki Baldurs

það er langt í frá að merki Baldurs eða hornstaurinn séu örugg, sem föst merki. Þess vegna var grafið niður fast merki, FMV114 og FMV222 (sama merkið) var sett í sandþúfuna við mælabúrið, um 3m frá dyrum mælabúrsins. Grafa þarf 80 cm niður á merkið, sem er kafrekið járn. Járnrör vísar á staðinn í jörðu.

FM er 6,753 m yfir bóluopi vhm222
FM " 5,633 m " " " 114
FM " 1,559 m " viðmiðunarmerki Baldurs

Þessi mæling var gerð 20.ág.´82, mælingamenn SR/EE/FÞA. Mælingin er skráð í bók 1308.
Eins og áður segir fór álestur á vhm114 Ölfusá á fjörunni eftir hádegi 20.ág. niður í 33. En hjá vhm222 Veraldarsærinn fór staðan niður í -12, það var kl.12$^{15}$ til 12$^{30}$. Logn og fullkomin stilla fram til kl.12$^{20}$, en eftir það gekk á með suðvestan kuli.

Gera þarf. Setja þarf hæðartölu á FM sem grafið er hjá mælabúrinu. Vatnamælingar vænta þess að Vegagerðin annist það og gefi Vatnamælingum upp hæðartöluna svo að ekkert fari á milli mála. Að því frágengnu er unnt að gefa skráningu síritanna upp í m y.s.

R-vík 23/8 1982

Sigurjón Rist